

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Skólareynsla fjöltyngdra nemenda: Fjöltílviksrannsókn frá Íslandi

Nafn styrkþega: Renata Emilsson Peskova

Útdráttur: Fjöltyngdum nemendum hefur stöðugt fjölgað í grunnskólum landsins á undanförunum árum en í dag eru þar töluð um hundrað tungumál. Markmið rannsóknarinnar var að kanna samspil tungumálaforða fjöltyngdra nemenda og skólareynslu þeirra í íslenskum grunnskólum. Í rannsókninni var sjónarhorn fjöltyngdra nemenda á eigin tungumál skoðað ásamt því að leitast var við að varpa ljósi á merkingu og hlutverk tungumálaforða þeirra í félagslegum og námslegum aðstæðum. Einnig var leitað svara við því, að hvaða leyti kennarar þeirra studdust við og byggðu á auðlindum þeirra í námi og hvaða hlutverki tungumálastefnur fjölskyldna gegndu í skólareynslu nemenda. Fjöltyngi nemenda er sífellt virkt og til staðar í lífi þeirra. Það þróast í fjölbreyttum námsrýmum, sérstaklega í kjöraðstæðum þar sem tengsl skapast, upplýsingum er miðlað og samskipti byggjast upp. Þátttakendur voru fimm fjöltyngdir grunnskólanemendur frá Íslandi sem lærðu móðurmál sitt í móðurmálsskólum utan formlega skólakerfisins. Í þessari þverfaglegu fjöltílviksrannsókn var stuðst við eigindlega aðferðafræði. Þemagreining og greining tungumálasjálfsmynda voru notuð. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á mikilvægi allra tungumála nemendanna og þörfina á að í skólum sé byggt á viðeigandi kennslufræði fyrir fjöltyngda nemendur, að unnar séu tungumálastefnur í skólum og að eflid séu samskipti við foreldra. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að viðurkenna þurfi fjöltyngi nemenda og notkun alls tungumálaforða þeirra í námi og félagslegum aðstæðum. Þannig er stutt við sjálfsmynd nemenda, tilfinningu þeirra um að tilheyra og virka þátttöku. Niðurstöðurnar auka enn fremur skilning á því að innflytjendaforeldrar og kennarar deila hlutverki og ábyrgð á að viðhalda og þróa tungumálaforða fjöltyngdra nemenda.